

ráðgjafar utan skólans sem koma að máli barnsins. Tilgangur teymisvinnu er að samhæfa og samræma markmið í tengslum við nám og kennslu barnsins.

5. Tilvísun

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að vísa barni í leikskóla til athugunar hjá sérfræðingum, sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar er fyllt út beiðni í samræmi við þá aðstoð sem óskað er eftir. Beiðnir til talmeinafræðinga og atferlisfræðings eru lagðar fyrir sameiginlegt lausnateymi leikskóla Borgarbyggðar þar sem mál eru lögð fyrir og rædd nafnlaust. Beiðnir til sálfræðinga eru lagðar fyrir nemendaverndarráð leikskólans. Sérkennslustjóri fyllir út beiðnir í samvinnu við foreldra. Hverju máli fyrir sig fylgja þau fylgigögn sem sérfræðiþjónusta Borgarbyggðar óskar eftir samkvæmt verklagsreglum þar um. Sérkennslustjóri er ábyrgur fyrir því að beiðnin og fylgigögn berist sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar.

6. Aðkoma tengiliðar og málstjóra

Tengiliður: Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eiga öll börn og foreldrar að hafa aðgang að tengilið í þágu farsældar eftir því sem þörf krefur. Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Hlutverk tengiliðar er að:

1. Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
2. Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
3. Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
4. Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
5. Taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.

Málstjóri: Ef fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu og ástæða er til að ætla að barn þurfi fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma skal sveitarfélag þar sem barn á lögheimili tilnefna málstjóra þjónustu í þágu farsældar barnsins. Málstjóri hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Hlutverk málstjóra er að:

1. Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
2. Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns.
3. Bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að stýra stuðningsteymi.
4. Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.
5. Veita þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.

Nóvember 2023

ÁHÓ